



TILLAGA

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs um að færa starfsemi félagsmiðstöðvarinnar Hundraðogellefu

Í ljósi áherslu á aukna samnýtingu húsnæðis er lagt til að starfsstöð félagsmiðstöðvarinnar Hundraðogellefu sem er staðsett í Gerðubergi 1 verði færð í Hólabrekkuskóla og Fellaskóla og starfsemi hætt í Gerðubergi. Unnið verði í samstarfi við unglíngana, starfsfólk félagsmiðstöðvar og skólanna að því að skilgreina betur starfsemina og ákveða hvort að félagsmiðstöðin Hundraðogellefu verði áfram starfsemi undir sama hatti eða tvær félagsmiðstöðvar staðsettar í sitthvorum skólanum.

Greinargerð

Fyrirhugaðar eru endurbætur á húsnæði Hólabrekkuskóla og Fellaskóla og því mikilvægt í hönnunar og endurbótaferli að gera ráð fyrir starfsemi félagsmiðstöðva inni í byggingum skólanna. Samkvæmt Stefnu um frístundapjónustu í Reykjavík til 2025 https://reykjavik.is/sites/default/files/sfs_fristundastefna_2017_web.pdf er gert ráð fyrir því að starfsemi frístundaheimila og félagsmiðstöðva fari fram í húsnæði í grunnskóla.

Sett hefur verið fram [Stefna Reykjavíkurborgar um byggingar fyrir skóla- og frístundastarf](#). Stefnan byggir á menntastefnu Reykjavíkur til 2030 og Græna planinu og þar er greint frá því hvernig byggingarnar geti stutt við innleiðingar á þessum stefnum. Í stefnunni um byggingar fyrir skóla- og frístundastarf kemur fram að tryggja þarf að hægt sé að laga byggingar fyrir skóla- og frístundastarf að breytilegum þörfum og breyttum áherslum í skóla- og frístundastarfi í nútíð og framtíð. Nauðsynlegt er að byggingin og einstakar einingar hennar séu fjölnýttar og samnýttar. Lögð er áhersla á að sem flest rými nýtist frá morgni til kvölds, alla daga. Mikilvægt er að hafa í huga hvernig afmarka megj notkun húsnæðis þegar mikil áhersla er lögð á sam- og fjölnýtingu. Við endurbætur á Hólabrekkuskóla og Fellaskóla verði ofangreint haft að leiðarljósi í hönnun á rými fyrir skóla- og frístundastarf í hverfinu.

Félagsmiðstöðin Hundraðogellefu er í dag staðsett í Gerðubergi 1 og er efri hæð hússins innsiglið vegna loftgæðavanda. Húsið er komið á mikið viðhaldsstig og fyrirhugað er að endurbyggja húsið fyrir aðra starfsemi á næstu árum. Því er mikilvægt að huga fyrr en síðar að öðrum kosti fyrir starfsemi félagsmiðstöðvarinnar og mikilvægt að börn, unglíngar og starfsmenn fái að koma að framtíðarsýn starfseminnar.